

Nd.

220. Tillaga

til þingsályktunar um ríkisábyrgð fyrir Hólshrepp í Norður-Ísafjarðarsýslu til rafvirkjunar.

(Eftir fyrri umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 200 þús. kr. lán fyrir Hólshrepp í Norður-Ísafjarðarsýslu til rafvirkjunar, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar, enda verði lánið tekið fyrir milligöngu Landsbanka Íslands.